


RANNSÓKNASKÝRSLUR FERÐAMÁLAEILDAR HÁSKÓLANS Á HÓLUM

III



Gestir meta torfbæi

Sigríður Sigurðardóttir



Rannsóknir um minjaarf III – torfbyggingar.

© Ferðamáladeild Háskólans á Hólum 2020 / Sigríður Sigurðardóttir.

Útgefandi: Háskólinn á Hólum.
Sími (+354) 455 7300.
Rafrænn póstur: holaskoli@holar.is
Veffang: www.holar.is

Titill: Gestir meta torfbæi.
Höfundur: Sigríður Sigurðardóttir.

Ljósmyndir: Höfundur.
Forsíðumyndin er af Hólum í Hjaltadal: Óli Arnar.

Öll réttindi eru áskilin. Skýrslu þessa má ekki afrita með neinum hætti, svo sem með ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án skriflegs samþykkis útgefanda.

ISBN 978-9935-9366-8-4



Byggðarannsóknasjóður Byggðastofnunar styrkti þessa rannsókn.

Formáli

Á nokkrum stöðum á landinu eru torfbæir, í Húsasafni Þjóðminjasafns Íslands, opnir til skoðunar fyrir gesti. Í sumum þeirra hafa minjasöfn fengið að setja upp sýningar sem varpa ljósi á lífsmáta fólks sem bjó í þannig húsakynnum. Dæmi um þá bæi eru Grenjaðarstaður þar sem Byggðasafn Suður-Þingeyinga er með sýningu, Laufás þar sem Minjasafnið á Akureyri er með sýningu og Glaumbær þar sem Byggðasafn Skagfirðinga er með sýningu. Rannsóknir sýna að fólk, bæði innlendir og erlendir ferðamenn, hefur áhuga á þeim og fer oft langan veg til að geta skoðað þá. Kominn var tími til að gefa gestum torfbæjanna sjálfum tækifæri til að segja skoðun sína á þeim og meta þá út frá aðdráttarafli, fræðslu- og minjagildi þeirra. Skýrslan fjallar um það hvernig gestir meta þessi gildi torfbæja.

Ágrip - Abstract

Í skýrslunni eru teknar saman niðurstöður könnunar meðal 364 gesta sem höfðu heimsótt torfbæi í Húsasafni Þjóðminjasafns Íslands sumurinn 2019-2020. Þeir voru spurðir hvað þeim fyndist um gildi þeirra eftir að hafa heimsótt þá. Rannsóknin er að hluta til meginleg og að hluta eigindleg. Þátttakendur voru annarsvegar beðnir um að gefa álit sitt um minjagildi, fræðslugildi og aðdráttarafl, einkunnir á skalanum 1-10 og hinsvegar að meta heimsóknina og áhrif bæjarins á viðkomandi með eigin orðum. Niðurstaðan er sú að bæði innlendir og erlendir ferðamenn meta torfbæina mjög mikils og gáfu þeim háar einkunnir fyrir öll gildin og segja að þeir gefi þeim einstaka innsýn í byggingararf og hversdagslíf þjóðarinnar fyrr á öldum. Ánægja og áhugi bæjargesta í Nýjabæ, Glaumbæ, Laufási, Grenjaðarstað og á Keldum eru glögg merki um mikilvægi torfbæjanna og annarra torfhúsa sem tengjast menningartengri ferðaþjónustu.

The report summarizes the results of a survey on how 364 visitors evaluate the importance of the turf farm-houses at Keldur, Glaumbær, Nýibær, Laufás and Grenjaðarstaður in Iceland, after visiting them. The study is partly quantitative and partly qualitative. On the one hand the participants, who were interviewed on site, were asked to rate the heritage, educational and attraction values of the turf house they had visited, on a scale of 1-10. On the other hand, the participant were asked to tell in their own words what came first to mind after their visit and how the turf farm-house had impacted them. The results show that both domestic and foreign tourists value the turf farm-houses highly, and say that they give them a unique insight into the nation's architectural heritage and everyday life in earlier centuries.

Efnisyfirlit

Formáli.....	3
Ágrip - Abstract.....	4
Efnisyfirlit.....	5
Myndaskrá	6
Inngangur	7
1 Staða þekkingar	8
2 Aðferðafræði og gildi rannsóknar	9
2.1 Gagnaöflun.....	9
2.2 Framkvæmda- og samstarfsaðilar.....	10
2.2,1 Þátttakendur	11
3. Gestamat	12
3.1 Nýibær á Hólum í Hjaltadal	13
3.2 Laufás í Eyjafirði	14
3.3 Grenjaðarstaður í Aðaldal	15
3.4 Glaumbær í Skagafirði.....	16
3.5 Keldur á Rangárvöllum	17
3.6 Aldur bæjargesta.....	18
3.7 Einkunnagjafir, aldurstengdur samanburður milli bæja.....	19
3.8 Þjóðerni bæjargesta.....	22
3.9 Aðdráttaraflið.....	23
3.10 Fræðslugildið	25
3.11 Minjagildið	27
3.12 Handverksþekkingin.....	29
3.13 Upplifunin orðuð.....	30
4. Niðurstöður og umræður	32
Heimildir	34
Fylgiskjöl	35
I Vettvangsspurningar. Torfhús: ferðamál, gildi, varðveisla	35
II Upplifunin orðuð.....	36

Myndaskrá

1. MYND. STÆRÐ HÓPA EFTIR BÆJUM.	11
2. MYND. SKIPTING INNLENDRA OG ERLENDRA ÞÁTTTAKENDA.	11
3. MYND. EINKUNNAGJÖF 168 BÆJARGESTA.	13
4. MYND. HEIMSÁLFUTENGINGAR OG ÞJÓÐERNI VIÐMÆLENDI Í NÝJABÆ.	13
5. MYND. EINKUNNAGJÖF 61 BÆJARGESTA Í LAUFÁSI.	14
6. MYND. ÞJÓÐERNIS- OG HEIMSÁLFUTENGING BÆJARGESTA Í LAUFÁSI.	14
7. MYND. EINKUNNAGJÖF 54 BÆJARGESTA Á GRENJAÐARSTAÐ.	15
8. MYND. ÞJÓÐERNIS- OG HEIMSÁLFUTENGINGAR BÆJARGESTA Á GRENJAÐARSTAÐ.	15
9. MYND. EINKUNNAGJÖF 54 BÆJARGESTA Í GLAUMBÆ.	16
10. MYND. ÞJÓÐERNIS- OG HEIMSÁLFUTENGINGAR BÆJARGESTA Í GLAUMBÆ.	16
11. MYND. EINKUNNAGJÖF 27 BÆJARGESTA Á KELDUM.	17
12. MYND. ÞJÓÐERNIS- OG HEIMSÁLFUTENGINGAR BÆJARGESTA Á KELDUM.	17
13. MYND. ALDURSSKIPTING 364 VIÐMÆLENDI.	18
14. MYND. SKIPTING EFTIR ALDURSHÓPUM.	18
15. MYND. AÐDRÁTTARAFL. ALDURSTENGDAR EINKUNNIR.	19
16. MYND. FRÆÐSLUGILDI. ALDURSTENGDAR EINKUNNIR.	20
17. MYND. MINJAGILDI. ALDURSTENGDAR EINKUNNIR.	21
18. MYND. ÞJÓÐERNI 364 BÆJARGESTA. Í ÖFUGRI STAFRÓFSRÖÐ.	22
19. MYND. EINKUNNIR Á BILINU 1-10 FYRIR AÐDRÁTTARAFL.	23
20. MYND. AÐDRÁTTARARFL. MAT INNLENDRA OG ERLENDRA GESTA Á EINKUNNASKALANUM 1-10.	24
21. MYND. ALDURSTENGDAR EINKUNNIR Á SKALANUM 1-10 FYRIR AÐDRÁTTARAFL TORFBÆJANNA.	24
22. MYND. FRÆÐSLUGILDIÐ. SAMANBURÐUR MILLI BÆJA.	25
23. MYND. MAT INNLENDRA OG ERLENDRA GESTA. EINKUNNIR Á SKALANUM 1-10.	26
24. MYND. ALDURSTENGDAR EINKUNNIR Á SKALANUM 1-10 FYRIR FRÆÐSLUGILDI TORFBÆJANNA.	26
25. MYND. MINJAGILDI. SAMANBURÐUR MILLI BÆJA, Á EINKUNNASKALANUM 1-10.	27
26. MYND. MINJAGILDI. MAT INNLENDRA OG ERLENDRA GESTA, Á EINKUNNASKALANUM 1-10.	28
27. MYND. ALDURSTENGDAR MINJAGILDISEINKUNNIR, Á SKALANUM 1-10.	28
28. MYND. MIKILVÆGI HANDVERKSINS.	29
29. MYND. OFTAST NOTUÐU ORÐIN TIL AÐ LÝSA UPPLIFUN Í TORFBÆJARHEIMSÓKN.	30
30. MYND. OFTAST NOTUÐU ORÐIN TIL AÐ LÝSA TORFBÆJUM.	31

Inngangur

Ferðamáladeild Háskólans á Hólum stóð fyrir rannsókn um viðhorf fólks gagnvart torfbyggingum á árunum 2019-2020. Tvær skýrslur eru þegar komnar út þar sem unnið er úr rannsóknargögnum. Fyrsta skýrslan, *Viðhorf til nytja og minjagildis torfbygginga*, kom út í júní 2020.¹ Sú var yfirlits-skýrsla þar sem greint var frá heildarniðurstöðum rannsóknarinnar. Næsta skýrsla, *Torfbyggingar í ferðapjónustu, viðhorf og hugmyndir*, kom út í september 2020 og fjallaði sérstaklega um hvað fólki finnst um að nýta torfbyggingar í ferðapjónustu og hvaða hugmyndir fólk hefði um nýtingarmöguleika á þeim.² Í þessari þriðju skýrslu er gerð grein fyrir viðhorfi fólks gagnvart fimm torfbæjum í Húsasafni Þjóðminjasafns Íslands, sem eru opnir fyrir gesti og hvernig þeir meta þá eftir að hafa heimsótt þá. Bæirnir eru: Grenjaðarstaður í Aðaldal, Laufás í Eyjafirði, Nýibær í Hjaltadal, Glaumbær í Skagafirði og Keldur á Rangárvöllum. Samtals samþykktu 364 gestir beiðni um að meta bæina og lýsa heimsókninni með fáeinum orðum. Sérstaklega var skoðað hvort munur var á viðhorfi Íslendinga og erlendra gesta gagnvart þeim og hvort viðhorf gesta væri breytilegt eftir aldri þeirra.

Samstarfsaðilar í þessum áfanga rannsóknarinnar voru Þjóðminjasafn Íslands, Byggðasafn Skagfirðinga og Menningarmiðstöð Þingeyinga. Aðrir samstarfsaðilar í rannsókninni voru Minjastofnun Íslands og Rannsóknarmiðstöð ferðamála.

¹ Sigríður Sigurðardóttir 1, 2020.

² Sigríður Sigurðardóttir 2, 2020.

1 Staða þekkingar

Í fyrri skýrslum kemur fram að áhugi fólks á torfhúsum er umtalsverður, bæði meðal Íslendinga og erlendra gesta landsins.³ Hið sama kom fram í könnun Rannsóknarmiðstöðvar ferðamála (RMF) sumarið 2019 sem unnin var fyrir Markaðsstofu Norðurlands og fólst í að greina áhuga ferðamanna og þátttöku „í sögutengdri ferðaþjónustu á Norðurlandi“.⁴ Í ljós kom að 23,2% svarenda voru staddir á Norðurlandi til að sjá torfhús.⁵ Íslendingar röðuðu þeim í 3.-4. sæti yfir áhugaverða staði til að skoða og erlendir gestir í 6. sæti.⁶ Sama sumar vann starfsmaður RMF könnun um viðhorf ferðalanga, sem voru á eigin vegum á Norðurlandi, til torfhúsa. Þeirri könnun svöruðu 34 einstaklingar og voru þeir valdir af handahófi fjarri torfhúsum.⁷ Þeim voru sýndar ljósmyndir af slíkum byggingum og spurðir út frá þeim: a) hvort þeir þekktu þannig hús, b) hvort þeir hefðu heyrt um þau, c) hvort þeir væru forvitnir um þau. Af þessum 27 sögust 22 (85%) ætla að skoða þau.⁸

³ Sigríður Sigurðardóttir 1, 2020; 2, 2020.

⁴ Vera Vilhjálmisdóttir, 2019, bls. 1.

⁵ Væri þetta hlutfall gesta yfirfært á eina milljón ferðamanna væru það rúmlega 200.000 gestir.

⁶ Vera Vilhjálmisdóttir, 2019, bls. 12, 16.

⁷ Sigríður Sigurðardóttir 1, 2020, bls. 17.

⁸ Sigríður Sigurðardóttir 1, 2020, bls. 63.

2 Aðferðafræði og gildi rannsóknar

Markmið rannsóknarinnar var að kanna skoðanir fólks um gildi torfhúsarfs þjóðarinnar.

Hagnýtt gildi rannsóknarinnar felst í nýrri þekkingu, sem getur nýst ferðamála-, mennta- og menningarmálayfirvöldum til framtíðaráforma um notkun og varðveislu þessa menningararfs.

Vísindalegt gildi rannsóknarinnar felst í:

- að þekkja gildismat gesta torfbæjanna og afstöðu þeirra gagnvart torfhúsum.
- að skapa umræður um menningararfsrannsóknir.
- að gefa hugmyndir um notagildi menningararfs til að efla svæðisbundna ferðaþjónustu.
- að benda á menningararfstengda samstarfsmöguleika minjavörslu og ferðaþjónustu.

2.1 Gagnaöflun

Gagnaöflun fyrir þennan þátt rannsóknarinnar fór fram í júlí og ágúst sumurinn 2019 og 2020.

Skýrsluhöfundur samdi spurningar fyrir torfbæjargesti, sem teknir voru tali á vettvangi. Svör voru skráð af spyrjendum og í sumum tilfellum af svarendum sjálfum. Bæði megindlegum (e. quantitative research methods) og eigindlegum (e. qualitative research methods) aðferðum var beitt.

Megindlegum til að ná í töluleg gögn, í þessu tilviki einkunnir á skalanum 1-10 og eigindlegum í lýsandi orðum fyrir upplifunina, til að fá dýpri skilning á viðhorfi gestanna gagnvart viðfangsefninu.

Með því móti fengust fleiri sjónarhorn á mat viðmælenda.

Spýrlar studdust við viðtalsramma með fyrirfram ákveðnum spurningum. Viðmælendur voru valdir með hentugleikaúrtaki en reynt að haga því þannig að talað væri við fólk á öllum aldri. Spurt var hvort mætti trufla viðkomandi og biðja um svör við nokkrum spurningum. Svörunum var síðan skipt í hópa í úrvinnslunni: yngri en 30 ára, milli 31 og 60 ára og eldri en 61 árs. Í hópnum yngri en 30 ára var yngsti þátttakandinn 10 ára, í fylgd með foreldrum sínum sem einnig tóku þátt.

Gagnaöflun í Glaumbæ, Nýjabæ, Laufási og Grenjaðarstað, sem fór fram sumarið 2019, gekk snurðulaust en öflun gagna sumarið 2020 á Keldum bar merki þess að mun færri gestir komu þar en á venjulegu Covid19-fríu sumri og að í hópnum sem tekinn var tali voru hlutfallslega miklu fleiri Íslendingar en flest önnur sumur.

2.2 Framkvæmda- og samstarfsaðilar

Sigríður Sigurðardóttir, aðjúnkt við *Ferðamáladeild Háskólans á Hólum* (HH) stýrði rannsókninni. HH er í margskonar samstarfi um rannsóknir og þróunarverkefni við aðra háskóla og rannsóknarstofnanir innanlands, sem og fræðasetur og fyrirtæki, erlenda háskóla og stofnanir.

Þjóðminjasafn Íslands (ÞMS). Í Húsasafni Þjóðminjasafns Íslands eru tuttugu torfhús, þar af tíu stórir torfbæir sem veita innsýn í húsagerð á Íslandi fyrr á öldum.⁹ Nokkrir torfbæjanna eru opnir fyrir gesti og voru fimm þeirra vettvangar í þessum hluta rannsóknarinnar.

Meningarmiðstöð Þingeyinga (MP) er með sýningu í gamla torfbænum á Grenjaðarstað og sér um rekstur hans, fyrir hönd Þjóðminjasafns Íslands, en Grenjaðarstaður er í Húsasafninu.


Byggðasafn Skagfirðinga (BSk) er með sýningu í gamla torfbænum í Glaumbæ og sér um rekstur hans, fyrir hönd Þjóðminjasafns Íslands, en Glaumbær er í Húsasafninu.

Minjastofnun Íslands (MÍ), sem er stjórnsýslustofnun minjavörslunnar og hefur yfirumsjón með verndun fornleifa- og byggingararfs á Íslandi.


⁹ Húsasafn Þjóðminjasafns Íslands, 05.10.2020.

2.2,1 Þátttakendur

Skýrsluhöfundur, Sigríður Sigurðardóttir, tók fólk tali í Nýjabæ á Hólum í Hjaltadal og í Laufási í Eyjafirði. Á Grenjaðarstað tók viðtölin Örn Björnsson, bæjarvörður. Í Glaumbæ sáu safnverðirnir Hrönn Birgisdóttir og Ylfa Leifsdóttir um viðtölin og á Keldum Brynjar Jóhannsson, bæjarvörður, en þar voru viðtölin tekin sumarið 2020.



1 Mynd. Stærð hópa eftir bæjum.



2 Mynd. Skipting innlendra og erlendra þátttakenda.

Fyrstu 28 viðtölin voru tekin í Nýjabæ um og eftir mánaðarmótin júní-júlí sumarið 2019. Eftir þá reynslu voru spurningar, um upplifun af heimsókn í torfbæ, slípaðar til fyrir framhaldið. Viðtöl voru svo tekin áfram í ágúst og september. Viðtölin í Laufási og í Glaumbæ voru tekin í ágúst sumarið 2019 en viðtölin á Keldum voru tekin í júlí og ágúst sumarið 2020. Erlendir ferðamenn voru spurðir á ensku.

Viðmælendur á vettvangi voru samtals 364 og var talað við þá sem gáfu kost á að svara spurningum. Þeir voru beðnir um að gefa bæjunum einkunnir á skalanum 1-10 eftir upplifun sinni af heimsókninni. Þeir voru einnig beðnir um að lýsa henni með þremur til fjórum lýsandi orðum eða hugtökum.

Í Nýjabæ var talað við 168 manns, í Glaumbæ 54, í Laufási 61, á Grenjaðarstað 54 og á Keldum 27.

Íslendingar voru í talsverðum minnihluta þeirra sem rætt var við á vettvangi eða 14% á móti 86% útlendinga.

Viðmælendur voru beðnir að meta fræðslugildi, minjagildi, aðdráttarafl og gefa hverju fyrir sig einkunn á skalanum einn til tíu. Einkunnin níu til tíu var fyrir mjög mikið gildi, sjö til átta fyrir fremur mikið gildi, fimm til sex fyrir eitthvert gildi og einn til fjögur fyrir lítið gildi. Gestir í Glaumbæ voru að auki beðnir að meta mikilvægi torfhleðslupekkingar til að geta gert við og byggt torfhús/torfbæ eins og gamla torfbæinn í Glaumbæ.

Þá voru gestir beðnir um að lýsa upplifun sinni í þremur til fjórum orðum og hve sáttir þeir væru með heimsóknina. Fólk var einnig spurt hvort heimsóknin væri ferðarinnar virði og að síðustu var spurt um þjóðerni.

Spurningalistinn er aftast í skýrslunni undir heitinu **Fylgiskjöl – Vettvangsspurningar**. Torfhús: ferðamál, gildi, varðveisla.

3. Gestamat


Í þessum þætti, sem er í 13 liðum, er unnið úr svörum viðmælenda á vettvangi, um:

1) einkunnagjöf bæjargesta í Nýjabæ og heimkynni viðmælenda, 2) einkunnagjöf bæjargesta í Laufási og heimkynni viðmælenda, 3) einkunnagjöf bæjargesta á Grenjaðarstað og heimkynni viðmælenda, 4) einkunnagjöf bæjargesta í Glaumbæ og heimkynni viðmælenda, 5) einkunnagjöf bæjargesta á Keldum og heimkynni viðmælenda, 6) aldur bæjargesta, 7) samanburður einkunnagjafa á milli bæja, 8) þjóðerni gesta, 9) samanburður einkunna um aðdráttarafl, 10) samanburður einkunna um fræðslugildi, 11) samanburður einkunna um minjagildi og 12) hvernig upplifuninni var lýst í orðum.

Innan liða frá eitt til fimm eru viðbrögð gesta flokkuð eftir: A) allar einkunnir, B) þjóðerni gesta og C) heimkynni viðmælenda – heimsálfutenging.


3.1 Nýibær á Hólum í Hjaltadal

Samtals voru 168 manns teknir tali í Nýjabæ. Allir svöruðu spurningum um fræðslugildi og aðdráttarafl en aðeins 156 um minjagildi. 21% viðmælenda þar voru Íslendingar.



3 Mynd. Einkunnaöf 168 bæjargesta.


Nýibær fékk langoftast átta í einkunn, fyrir fremur mikið gildi. Í Nýjabæ kemur fólk víðsvegar að úr heiminum, Asíubúar sem aðrir. Þetta gerist þrátt fyrir að bærinn sé hvergi sérstaklega auglýstur. Bærinn er opinn öllum og er í eðli sýnu eini sýningargipurinn á staðnum. Enginn aðgangseyrir. Mat gestanna byggist þessvegna eingöngu á upplifuninni af sjálfum bænum.



4 Mynd. Heimsálfutengingar og þjóðerni viðmælenda í Nýjabæ.


3.2 Laufás í Eyjafirði

Samtals voru 61 gestur teknir tali í Laufási. Eins og í Nýjabæ svöruðu allir spurningum um fræðslugildi og aðdráttarafl en aðeins 28 treystu sér til að svara til um minjagildið. Langflestir viðmælenda þar voru Evrópubúar og þar af voru Þjóðverjar fjölmennastir, tæp 30%. Íslenskir voru tæp 10%.



5 Mynd. Einkunnagjöf 61 bæjargesta í Laufási.


Flestir gáfu Laufási einkunnina átta, fremur mikið, fyrir fræðslugildi og aðdráttarafl og tíu fyrir minjagildið. Selt er inn á sýningu og í bæ í þjónustuhúsi sem stendur rétt við bæinn og gestir geta gengið um á eigin vegum eða í fylgd og leiðsögn safnvarða.



6 Mynd. Þjóðernis- og heimsálfutenging bæjargesta í Laufási.


3.3 Grenjaðarstaður í Aðaldal

Viðmælendur á Grenjaðarstað voru 54. Hér var ekki spurt um minjagildið. Flestir gestir bæjarins gáfu honum níu til tíu í einkunn. Tilviljun réði því að í viðmælendahópnum á Grenjaðarstað var eingöngu tveggja heimsálfa fólk, frá Ameríku og Evrópu. Starfsmenn þar sögðu að þangað kæmi fólk úr öllum heimshornum en Evrópubúar væru í meirihluta gesta þar.



7 Mynd. Einkunnagjöf 54 bæjargesta á Grenjaðarstað.


Á Grenjaðarstað er tekinn aðgangseyrir af þeim sem vilja skoða bæinn og safnvörður leiðsegir flestum gestum og leiðir þá um sýninguna. Um leið skapast persónuleg tengsl sem hafa áhrif á upplifun gestanna. Þau tengsl gætu hafa skilað sér inn í einkunnirnar en þeir mátu aðdráttarafli og fræðslugildi bæjarins mjög mikið.




8 Mynd. Þjóðernis- og heimsálfutengingar bæjargesta á Grenjaðarstað.

3.4 Glaumbær í Skagafirði

Viðmælendur í Glaumbæ voru 54, jafn margir og á Grenjaðarstað. Þeir mátu allir fræðslugildi, minjagildi og aðdráttarafl. Auk þess var hér spurt um gildi torf- og grjóthleðslu, sem liggur að baki viðhaldi bæjarins. Langflestir mátu gildi bæjarins mjög mikils og flestir gáfu honum 10 í einkunn. Bandaríkjamenn, Þjóðverjar og Frakkar voru fjölmennastir viðmælenda en enginn Íslendingur.




9 Mynd. Einkunnagjöf 54 bæjargesta í Glaumbæ.



10 Mynd. Þjóðernis- og heimsálfutengingar bæjargesta í Glaumbæ.


3.5 Keldur á Rangárvöllum

Viðmælendur á Keldum voru 27. Keldnagestir, sem voru að meirihluta íslenskir eða þýskir, gáfu bænum flestir níu og tíu. Langflestir gáfu bænum mjög mikið fyrir öll gildin. Flestir viðmælenda á Keldum voru þjóðverjar eða 33% á móti 22% Íslendinga sem voru næstflestir.




11 Mynd. Einkunnagjöf 27 bæjargesta á Keldum.

Þrátt fyrir að Covid-19 heimsfaraldurinn hafi sett mark sitt á gestþjónustu á Keldum, eins og annars staðar á landinu sumarið 2020, voru ekki aðeins Íslendingar þar á ferð, heldur einnig Bandaríkjamenn og fólk frá nokkrum löndum Evrópu.




12 Mynd. Þjóðernis- og heimsálfutengingar bæjargesta á Keldum.

3.6 Aldur bæjargesta



13 Mynd. Aldursskipting 364 viðmælenda.



Flestir viðmælendur á Grenjaðarstað, í Nýjabæ, á Keldum og í Laufási voru á aldrinum 31-60 ára en meirihluti viðmælenda í Glaumbæ var eldri en 61 árs. Þegar hóparnir eru bornir saman (mynd 14) kemur í ljós að fólk í yngri og eldri aldurshópunum, þ.e. yngri en þrítugt og eldra en sextugt, eru



14 Mynd. Skipting eftir aldurshópum.


næstum því á pari en miðhópurinn, 31-60 ára var samtals helmingur viðmælenda. Þótt viðmælendur væru valdir með handahófsúrtaki gefur aldur svarenda dálitla vitneskju um hvaða aldurshópur er líklegastur til að skoða og hafa áhuga á, torfbæjunum.


3.7 Einkunnagjafir, aldurstengdur samanburður milli bæja



15 Mynd. Aðdráttarafli. Aldurstengdar einkunnir.


Allir hópar töldu Nýjabæ og Laufás hafa fremur mikið aðdráttarafli. Glaumbær fékk bæði mjög mikið (flestar tíur) og lítið (fjóra) fyrir aðdráttarafli og eini bærinn sem fékk þá einkunn. Bæði Grenjaðarstaður og Keldur fengu háar aðdráttarafli einkunnir.





16 Mynd. Fræðslugildi. Aldurstengdar einkunnir.

Hóparnir voru sammála um að fræðslugildi Nýjabæjar og Laufáss væri fremur mikið en að það væri mjög mikið á Grenjaðarstað, Glaumbæ og Keldum, sem fengu flestar níur til tíur fyrir fræðslugildið. Glaumbær og Keldur voru jafnframt einu bæirnir sem fengu lágt fyrir fræðslugildið, frá fólki á miðjum aldri.




17 Mynd. Minjagildi. Aldurstengdar einkunnir.

Margir viðmælenda í Nýbæ og Laufási viku sér undan því að meta minjagildi torfbæjanna og var þeirri spurningu sleppt á Grenjaðarstað. Gestir mátu minjagildi Keldna, Laufáss og Glaumbæjar mjög mikils og Nýjabæjar fremur mikið. Mögulega felst sá mismunur í því að í Laufási og Glaumbæ eru munasýningar (safnsýningar) frá minjasöfnum (byggðasöfnum) svæðanna og þeir auglýstir sem áhugaverðir sögu- og minjastaðir. Hið sama gildir um Keldur þar sem Þjóðminjasafn Íslands er með bæjarvörslu og leiðsögn. Nýbær er lítið sem ekkert auglýstur. Nokkrir viðmælenda tóku fram að hann hefði komið þeim á óvart þar sem þeir vissu ekki af honum fyrr en þeir sáu hann þegar þeir komu á staðinn.


3.8 Þjóðerni bæjargesta

Viðmælendur voru frá 25 löndum. Flestir þeirra voru Þjóðverjar, þá Íslendingar, Frakkar og Bandaríkjamenn, Kanadabúar, Austurríkismenn, Belgar, Danir, Hollendingar, Ítalir og Spánverjar. Einnig náðist í fólk úr fjarlægum heimshornum eins og frá Nýja-Sjálandi og Hong Kong.



18 Mynd. Þjóðerni 364 bæjargesta. Í öfugri stafrófsröð.

3.9 Aðdráttaraflið




19 Mynd. Einkunnir á bilinu 1-10 fyrir aðdráttarafli.

Í heildina litið fengu Nýibær og Laufás lægri einkunnir en Keldur, Glaumbær og Grenjaðarstaður. Möguleg skýring gæti falist í að engin og takmörkuð leiðsögn er í þeim fyrst tölðu.


Þjónustan sem í boði er gæti því verið breytan í einkunnagjöf um aðdráttarafli þeirra. Á Keldum, Grenjaðarstað og í Glaumbæ er leiðsögn í boði fyrir þá sem það vilja og sé hægt er að koma henni við. Aðeins Nýibær og Glaumbær fengu þá umsögn frá nokkrum að þeir hefðu lítið aðdráttarafli, eða undir sex í einkunn. Hinir bæirnir fengu þá umsögn frá sínum gestum að þeir hefðu fremur mikið eða mikið aðdráttarafli, eða einkunnir á bilinu átta til tíu.

Þjónustan sem í boði er gæti því verið breytan í einkunnagjöf um aðdráttarafli þeirra. Á Keldum, Grenjaðarstað og í Glaumbæ er leiðsögn í boði fyrir þá sem það vilja og sé hægt er að koma henni við. Aðeins Nýibær og Glaumbær fengu þá umsögn frá nokkrum að þeir hefðu lítið aðdráttarafli, eða undir sex í einkunn. Hinir bæirnir fengu þá umsögn frá sínum gestum að þeir hefðu fremur mikið eða mikið aðdráttarafli, eða einkunnir á bilinu átta til tíu.




20 Mynd. Aðdráttarafli. Mat innlendra og erlendra gesta á einkunnaskalanum 1-10.

Þegar skoðað var hvort munur væri á mati erlendra og innlendra gesta gáfu þeir erlendu aðdráttaraflinu hlutfallslega hærri einkunnir en Íslendingarnir, sem voru reyndar ósparir á áttur í sinni einkunnagjöf. Þegar einkunnagjöf bæjargesta er skoðuð út frá aldurshópum (mynd 21) kemur í ljós að sú einkunn er algengust hjá öllum hópnum og að fólk yngra en 31 árs gaf fæstar níur. 31% þess hóps mat aðdráttarafli bæjanna sjö eða minna, á móti 20% í hópnum 31-60 ára og 24% í elsta aldurshópnum. Enginn eldri en 61 árs gaf aðdráttarafli bæjanna minna en sex í einkunn en það gerðu nokkrir úr hinum hópnum og alveg niður í fjóra og var ástæðan oftast en ekki nefnd sú að fólk vissi ekki fyrirfram við hverju var að búast eða var með öðrum sem stjórnðu ferðalaginu og hefði ekki sjálft valið að koma við.




21 Mynd. Aldurstengdar einkunnir á skalanum 1-10 fyrir aðdráttarafli torfbæjanna.

3.10 Fræðslugildið




22 Mynd. Fræðslugildið. Samanburður milli bæja.

Samhljómur er í einkunnagjöfum, á skalanum 1-10, fyrir fræðslugildi í Nýjabæ og í Laufási, sem teljast hafa mikið fræðslugildi, með áttu sem ráðandi einkunn. Á móti eru meiri líkindi með Glaumbæ, Keldum og Grenjaðarstað en sérstaða þess síðast talda felst í hve oft hann fékk níu fyrir fræðslugildið. Mögulega eru sömu áhrifavaldar hér að verki eins og í einkunnagjöf vegna aðdráttarfls.




23 Mynd. Mat innlendra og erlendra gesta. Einkunnir á skalanum 1-10.

Þegar skoðað var hvort mismunur væri á einkunnagjöf erlendra og íslenskra gesta um fræðslugildi torfbæjanna var hún nánast á pari. Sé horft á mat aldurshópanna (mynd 24) kemur fram skemmtilegur samhljómur hjá elsta og yngsta hópnum þar sem jafn mörg prósent gáfu torfbæjunum átta í einkunn fyrir fræðslugildi. Þá gáfu 45% í elsta hópnum einkunnir upp á níu og tíu, á móti 57% í hópi 31-60 ára og 38% í yngsta aldurshópnum (mynd 24).



24 Mynd. Aldurstengdar einkunnir á skalanum 1-10 fyrir fræðslugildi torfbæjanna.


3.11 Minjagildið



25 Mynd. Minjagildi. Samanburður milli bæja, á einkunnaskalanum 1-10.


Í Laufási og á Keldum gáfu 50-56% viðmælenda hæstu einkunn fyrir minjagildi en í Glaumbær og Nýjabær fá svipaðar niðurstöður. Lægsta einkunnin fyrir minjagildi var sex, sem Glaumbær fékk. Aldurshóparnir mátu minjagildið misjafnlega (mynd 27).

Íslendingar virtust yfirleitt sannfærðari um minjagildi bæjanna en erlendu gestirnir (mynd 26). Af þeim mátu 81% minjagildi þeirra mikils með einkunnum upp á níu og tíu en 51% erlendu gestanna fannst þeir hafa fremur mikið gildi og notuðu oftast áttur og sjöur.



26 Mynd. Minjagildi. Mat innlendra og erlendra gesta, á einkunnaskalanum 1-10.


Flestir í hópnum yngri en 30 ára, gáfu bæjunum tíu í einkunn og fæstir í elsta aldurshópnum (mynd 27). Séu hins vegar einkunnirnar tíu og níu skoðaðar saman kveður við annan tón. Þá kemur fram að 48% fólks í yngsta hópnum gáfu þær einkunnir en 71% í elsta aldurshópnum, en elsti hópurinn gaf flestar níur. Yngsti aldurshópurinn gaf hlutfallslega flestar sjöur og alveg niður í sex.



27 Mynd. Aldurstengdar minjagildiseinkunnir, á skalanum 1-10.

3.12 Handverkspekkingin

Aðeins gestir í Glaumbæ voru beðnir um að meta gildi handverkspekkingar þeirrar sem torfhús byggjast á, þ.e. torf- og grjóthleðslu. Allir viðmælendurnir þar voru erlendir og voru þeir allir til í að meta handverkspekkinguna til einkunnar. Af þeim gáfu 76% henni tíu í einkunn og margir tóku fram að hún væri ekki síður mikilvæg en byggingin sjálf. Samkvæmt þessari niðurstöðu mat fólk handverkspekkinguna hærra en minjagildi bæjarins (mynd 25).




28 Mynd. Mikilvægi handverksins.

3.13 Upplifunin orðuð.

Viðmælendur voru beðnir um að lýsa torfbæjarheimsókninni, upplifuninni, áhrifum bæjanna á viðkomandi, með þremur til fjórum orðum. Í orðalista, aftast, undir **Fylgiskjöl – II Upplifunin orðuð** eru þeim raðað í stafrófsröð fyrir hvern bæ, á því tungumáli sem notað var. Orðin sem oftast voru notuð voru: *menningararfur*, *sögulegur* og *áhugaverður*.

Heritage var nefnt 56 sinnum, *historic/historical* 43 sinnum, *nice* jafn oft, *interessant/interesting* 38 sinnum, *remarkable building* 27 sinnum, *important* 21 sinni, *monumental* 17 sinnum, *amazing* 16 sinnum, *historic/historical/history* jafn oft, *hard life* og *culture/cultural* 14 sinnum.



29 Mynd. Oftast notuðu orðin til að lýsa upplifun í torfbæjarheimsókn.

4. Niðurstöður og umræður

Torfbærir þeir sem hér um ræðir eru stórir að flatarmáli og efnismiklir, samsettir af mörgum húsum sem áður gegndu mismunandi hlutverkum. Þeir eiga það sameiginlegt að vera gömul prestssetur og gefa þar af leiðandi innsýn í híbýli þeirra sem hærra voru settir í samfélaginu. Þrátt fyrir það hefur hver og einn þeirra sín sérkenni og sinn bæjarbrag. Enginn vafi er á að þeir gestir torfbæjanna sem tóku þátt í könnuninni mátu þá mikils og lýstu áhrifum heimsóknarinnar yfirleitt með mikilli hrifningu. Orðanotkunin segir til um hughrif gesta á stað og stund og sýna að fátt neikvætt er í hugum þeirra eftir heimsóknina sem nota orð eins og *historic*, *heritage*, *interesting* og *remarkable* (mynd 29) og þegar orðin eru þýdd er orðið *áhugaverður* lang oftast notað í þessu samhengi (mynd 30).

Örfáir, þeirra sem leitað var til að gefa einkunnir og umsagnir, vildu ekki svara öllu eða komu sér hjá því að taka þátt. Þeir höfðu mögulega minni áhuga á bæjunum en þátttakendurnir, sem komu víða að úr heiminum (mynd 18) og var þeim skipt í þrjá hópa, yngri en 30 ára, 31-60 ára og 61 árs og eldri. Aldurshópurinn 31-60 ára varð stærstur (mynd 14) enda er sá hópur sennilega almennt fjölmennastur meðal torfbæjargesta. Yfirleitt notaði fólk háar einkunnir til að tjá og meta þau gildi sem um var beðið. Fjórir var lágsta einkunn sem gefin var (mynd 15;16). Í heildina litið fengu Nýibær og Laufás hlutfallslega lægri einkunnir fyrir aðdráttarafl en Keldur, Glaumbær og Grenjaðarstaður (mynd 19), þrátt fyrir að Glaumbær hafi fengið fjóra frá tveimur aðilum fyrir aðdráttarafl. 75% innlendra og 70% erlendra viðmælenda gáfu bæjunum átta til tíu í einkunn fyrir aðdráttaralf (mynd 19).¹⁰ Fræðslugildið var hæst metið í Glaumbæ og á Keldum (mynd 17) og Íslendingar mátu það heldur hærra en erlendir gestir. 58% þeirra gáfu fræðslugildinu 9-10 á móti 49% erlendu gestanna. Yngsti hópurinn skar sig úr gagnvart fræðslugildinu (mynd 24) að því leyti að sá hópur mat það minna en hinir hóparnir. Minjagildið var hæst metið á Keldum og í Laufási en 81% innlendra gesta gáfu minjagildi bæjanna níu til tíu á móti 51% erlendu gestanna, sem gefa gildinu lægri einkunn (mynd 26). Skýringin á því að bæði Nýibær og Laufás fengu lægri einkunnir fyrir aðdráttarafl og fræðslugildi en Keldur, Glaumbær og Grenjaðarstaður, gæti mögulega falist í mismunandi þjónustustigi á þessum stöðum. Á Keldum og á Grenjaðarstað er tekið á móti fólki í aðstöðuhúsum og veitt leiðsögn um bæina ef óskað er eftir því. Í Glaumbæ er móttaka gestanna í bænum sjálfum en þar er leiðsögn ekki í boði nema óskað sé sérstaklega eftir því. Í Laufási kaupir fólk sig inn í bæinn í aðstöðuhúsi skammt frá honum og er svo alveg á eigin vegum, eins og í Glaumbæ, nema

¹⁰ Hafa skal í huga að Íslendingar voru 14% (50 manns) af viðmælendum á móti 86% (314 manns) erlendra gesta.

óskað sé sérstaklega eftir leiðsögn. Í Nýjabæ er engin þjónusta í boði (mynd 19; 22) en allir eru velkomnir til að skoða bæinn sem er sjálfur eini sýningargripurinn þar. Það eina sem skilur á milli í Glaumbæ og í Laufási er að í Glaumbæ hittir gesturinn þann sem er í móttökunni inni í bænum en í Laufási í öðru húsi. Þetta atriði gæti spilað inn í upplifun gestsins og haft áhrif á einkunnirnar.

Auk aðráttarafls-, minjagildis- og fræðslugildiseinkunna voru viðmælendur í Glaumbæ beðnir um að leggja mat á gildi handverksþekkingar í torf- og grjóthleðslu og var enginn vafi í flestra hugum að hún væri afar mikilvæg (mynd 28).

Úr einkunnunum má lesa mikilvægi torfbæja og annarra þeirra húsa í menningartengri ferðaþjónustu, sem hlaðin eru úr jarðvegsefnum (e. vernacular buildings). Til viðbótar þessum niðurstöðum má benda á næstum fjórðungur gesta sem teknir voru tali á Norðurlandi árið 2019 sögðust vera staddir þar til að skoða torfbæi.¹¹ Ekki var spurt um hvort staðsetning bæjanna skipti máli um heimsóknir í þá, sem gæti að einhverju leyti verið þegar ferðalög eru skipulögð.

Í ljósi ábendinga sem komu fram hjá öðrum þátttakendum í rannsókninni, eins og þeim sem svöruðu í gegn um vefsíðu Þjóðháttasafns Þjóðminjasafns Íslands, um að vekja mætti meiri athygli á torfbyggingum, ætti að skoða hvernig best væri að haga því.¹² Mat gesta torfbæja, sem eru í Húsasafni Þjóðminjasafnsins, sýnir að svæðisbundið mikilvægi torfbæja og annarrar torfbygginga er mjög mikið, bæði gagnvart ferðaþjónustu og verndun þessa einstaka menningararfs. Íslensku torfhúsin eru eitt mikilvægasta sérkenni landsins og í raun þessa heimshluta. Þau eru vistvænar byggingar sem byggðar eru á sjálfbærri hringrás, eins og margar aðrar gamlar byggingar gerðar úr jarðvegi (e. vernacular buildings). Við búum við þá jákvæðu staðreynd að eiga enn nokkurn fjölda torfbygginga og ættum að nýta okkur þau enn betur en gert er og þar með forskotið sem við höfum gagnvart þesskonar byggingum því nærliggjandi þjóðir, sem hafa tapað þeim, leita nú til okkar eftir upplýsingum um þau.¹³ Ein lykilsurning rannsóknarinnar, um viðhorf til torfbygginga, var hvort hægt væri að nýta áhuga ferðamanna í þágu varðveislu bygginganna. Svárið er að miðað við mikinn áhuga bæði heimamanna og ferðamanna ætti það að vera möguleiki.¹⁴ Vandinn er að athyglin má ekki verða vernduninni ofviða og hafa ber í huga að um gömul torfhús gilda allt aðrar reglur en um ný hús, eins og lög um menningarminjar kveða á um.

¹¹ Vera Vilhjálmsdóttir, 2019, bls. 12.

¹² Sigríður Sigurðardóttir 2, 2020, bls. 13-14.

¹³ Sigríður Sigurðardóttir 2, 2020, bls. 24-25.

¹⁴ Sigríður Sigurðardóttir 1, 2020, bls. 25.

Heimildir

Húsasafn Þjóðminjasafns Íslands. Sótt 5. október 2020 af

<https://www.thjodminjasafn.is/thjonusta/safnkostur/husasafn/>.

Lög um menningarminjar 80/2012. Lagasafn. Íslensk lög 1. maí 2020. Útgáfa 150b. Sótt

15.5.2020 af <https://www.althingi.is/lagas/150b/2012080.html>.

Sigríður Sigurðardóttir 1 (2020). *Viðhorf til nytja og minjagildis torfbygginga*. Rannsóknir um minjaarf I – torfbyggingar. Rannsóknarskýrslur Ferðamáladeildar Háskólans á Hólum. Sótt 29. 9. 2020 af http://www.holar.is/sites/holar.is/files/images/vidhorf_til_nytja_og_minjagildis_torfbygginga_loka.pdf.

Sigríður Sigurðardóttir 2 (2020). *Torfbyggingar í ferðaþjónustu, viðhorf og hugmyndir*.

Rannsóknir um minjaarf II. Rannsóknarskýrslur Ferðamáladeildar Háskólans á Hólum. Sótt 29. 9. 2020 af http://www.holar.is/sites/holar.is/files/skyrsla-ii_tofhus_0.pdf.

Vera Vilhjálmsdóttir (2019). *Söguferðaþjónusta á Norðurlandi. Könnun meðal ferðamanna á söfnum, setrum og sýningum*. Akureyri: Markaðsstofa Norðurlands. Sótt 27. 11. 2019 af https://www.northiceland.is/static/files/PDF/Skyrslur/soguferdathjonusta-a-nordurlandi_loka_19.11.2019.pdf.

Fylgiskjöl

I Vettvangsspurningar. Torfhús: ferðamál, gildi, varðveisla

Rannsókn um gildi torfhúsa er unnin í samstarfi Ferðamáladeildar Háskólans á Hólum, Þjóðminjasafns Íslands, Byggðasafns Skagfirðinga og Menningarmiðstöðvar Þingeyinga.

Staða og gildi torfhúsa:

- ✓ Hvert telur þú vera fræðslugildi torfhúsa, á skalanum 1-10? / What is the educational value of a turf houses, on the scale 1-10, in your opinion?
- ✓ Hvert telur þú að sé minjagildi þessa torfhúss (sem gesturinn var að skoða), á sama skala? / What is the heritage value of turf houses, on the scale 1-10, in your opinion?
 - ✓ Hversu mikið aðdráttarafli hafa torfhús fyrir ferðamenn, á skalanum 1-10? / How much of an attraction for tourists can turf house be, on the scale 1-10, in your opinion?
 - ✓ Hve mikilvægt telur þú að viðhalda þekkingu til varðveislu torfhúsa, á skalanum 1-10? / How important is to preserve the knowledge on how to maintain turf houses, on the scale 1-10? (Þessi spurning var borin upp fyrir gesti í Glaumbæ, ekki annars staðar)

Hvernig lýsa gestir torfhúsa upplifun sinni?

- Nefndu þrjú til fimm orð sem þér dettur fyrst í hug til að lýsa torfhúsinu sem þú skoðaðir. / What three to fives words come first in mind to describe the turfhouses you visited?

Þjóðerni.

- Frá hvaða landi ertu? / Where do you come from?
(Giskað var á aldur gestsins, eldri en sextugur, milli þrítugs og sextugs og yngri en þrítugur)

II Upplifunin orðuð

Orð sem viðmælendur notuðu um torfbæjarheimsóknina, upplifunina, áhrif torfbæjanna á viðkomandi. Þeim er hér raðað í stafrófsröð fyrir hvern bæ, á því tungumáli sem notað var. Í sviga kemur fram hve oft hvert orð kom fyrir.

Orðalisti fyrir Nýjabæ:

„afi og amma“ (2)	heimilislegur (5)
Ancient/forn (6)	heritage (49)
anderledes (2)	historic, historical (25)
attractive (5)	hobbits home (3)
authentic (15)	hörð lífsbarátta (1)
ágætur (1)	icelandic (1)
beautiful (5)	important (21)
bemerkenswert (1)	incredible (4)
bien (4)	insulation (1)
big/huge (7)	interesting/interessant (15)
cold (6)	invaluable (2)
complicated (5)	kostnaðarsamur (1)
cool (9)	kulturelle (3)
cosy (6)	läroríkt (1)
crucial (3)	materially unique (1)
cultural/culture (15)	menningarlegur (3)
curiosity (2)	merkilegur (4)
fræðandi (2)	mikilvægur (2)
cute (3)	minjavernd/ minnesvörd (5)
damp (1)	monumental (17)
dark inside (1)	natural (1)
different (15)	nature friendly (2)
dularfullur (2)	námsefni (4)
eco friendly (4)	neat (2)
educational (6)	nice (35)
eftirminnilegur (1)	nægjusemi (2)
essential (4)	old fashioned/old style (18)
fabulous (8)	orginal (5)
fallegur (1)	ótrúlegur/unbeliveable (4)
fínn (2)	poor life (4)
furðulegur (1)	rasenhaus (7)
gagnlegur (3)	remarkable building (27)
glæsilegur (1)	rúmgóður (6)
good (very good) (9)	sérstakur (2)
grandiose (2)	shelter (1)
greate (4)	significant (5)
handmade (1)	skemmtilegur (5)
hard life (7)	special (4)
heilsufar (3)	spectacular (3)

stórkostlegur (1)
 strange (7)
 surprise (2)
 sögulegur (2)
 tourism friendly (2)
 tourist attraction (3)
 tradition(al) (1)
 uncomfortable (2)
 unique (4)

unreal (6)
 unusual (1)
 valuable (7)
 vel viðhaldið (1)
 vigtig (3)
 vision (1)
 vital (2)
 warm/strangely warm (4)
 wonderful (8)

Orðalisti fyrir Laufás:

alltumlykjandi (1)
 opslugt (1)
 very nice (5)
 interessant/interesting (15)
 impressive (3)
 authentic (5)
 historically correct (2)
 dugnaður (1)
 typique de l'islande (2)
 tough life (4)
 fallegur (4)
 simple life (2)
 greite (5)
 forn (1)
 ancient (4)
 educational (2)
 gamall (3)
 old (2)
 good choice (1)
 magnificent (2)
 eye opening (2)
 hobbits (2)
 betagende (2)
 bescheiden (2)

libenswert (4)
 heritage (9)
 cultural (2)
 merkilegur/merkileg bygging (6)
 cosy (8)
 nature connected (2)
 nægjusemi (3)
 óspilltur (2)
 special (4)
 sjálfsbjargarviðleitni (3)
 clever (2)
 big (2)
 cute (2)
 historical (16)
 turfhouse (3)
 stunning (3)
 amazing (5)
 surprising (7)
 upprunalegur (5)
 well maintained (2)
 vistvænn (2)
 eco friendly (5)
 narrow (1)
 what a view (1)

Orðalisti fyrir Grenjaðarstað:

amazing/surprising (15)
 awesome (2)
 áhugaverður (3)
 beautiful/pretty (18)
 cold (2)
 eco friendly (1)
 educating (4)
 fantastic (1)

georgous/wonderful (6)
 hard life/tough living (8)
 historic (2)
 interesting (15)
 magnificent (2)
 nice (3)
 sehenswert (2)
 shocking (2)

Orðalisti fyrir Glaumbæ:

aðlaðandi/attractive (1)
 antique (1)
 authentic (2)
 áhugaverður/interesting (11)
 beautiful (3)
 bellez (1)
 botanical (1)
 chaleureux (1)
 clean (1)
 cold (5)
 cool (3)
 curioso/curious (4)
 dark (1)
 education (1)
 eye opening (3)
 family (1)
 fantastic (1)
 furnished (2)
 good (2)

group spirit (1)
 hard life/hardship (10)
 hard work (3)
 image of old times (1)
 impressionable (1)
 impressive (4)
 insulation/insulated (3)
 natural (2)
 old/past (7)
 one piece (2)
 practical (2)
 simple (1)
 strange (1)
 sögulegur (7)
 tradition(al) (5)
 unique (3)
 warm (7)
 wonderful (2)

Orðalisti fyrir Keldur:

áhugaverður (3)
 dark (1)
 fallegur (4)
 flottur (1)
 fræðandi (2)
 gamall (1)
 historic/sögulegur (2)
 hljóðlátur (1)
 impressive (1)
 merkilegur (1)
 unusual (1)
 upprunalegur (1)
 þröngur (1)